

L Ö G

um

34

31. maí

viðauka við lög nr. 18, 4. nóv. 1887, um veð.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna komi:

Svo er og útgerðarmanni heimilt að setja banka eða sparisjóði að sjálfsvörsluveði afla af skipi sínu á einu útgerðartímabili í senn, til tryggingar lánnum, er hann tekur til útgerðarinnar á því hjá stofnunum þessum.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að lækka lögákveðin þinglestrar-gjöld fyrir skuldabryjef, sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 31. maí 1927.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.